

Tvö ljóð

Til minninganna¹

skref fyrir skref nálgist þið mig
með þögul morðáform
og ég fellst á refsinguna
réttarhöld eru öll
eins konar kveðjuathöfn

við höfum hlutverkaskipti
í regnboga tónlistarinnar

í annarri veröld
er ég steingervingur
eruð þið reikull vindur

致记忆

你步步逼近
暗含杀机
而我接受惩罚
所有的审判
是一种告别仪式

我们将交换角色
通过音乐之虹

在另一世界
我是化石
你是流浪的风

1 Geir Sigurðsson þýddi og ritar um höfund.

Á morgun, nei

Þetta er ekki kveðja
því við höfum aldrei hist
þótt á götunni hafi
skuggi hvolfst ofan á skugga
eins og einmana strokufangar

á morgun, nei
á morgun er ekki handan við nóttina
sá sem býst við því er sekur
og sögum sem gerast á nóttunni
þeim ber að ljúka á nóttunni

明天，不

这不是告别
因为我们并没有相见
尽管影子和影子
曾在路上叠在一起
象一个孤零零的逃犯

明天，不
明天不在夜的那边
谁期待，谁就是罪人
而夜里发生的故事
就让它在夜里结束吧

Um Bei Dao

Kínverska ljóðskáldið Bei Dao (北島) fæddist í Beijing árið 1949. Hann heitir réttu nafni Zhao Zhenkai (赵振开) en tók sér listamanns nafnið Bei Dao sem merkir „eyja í norðri“. Hann var einn af forvígismönnum svonefndra þokuljóðskálda á áttunda áratug tuttugustu aldar sem beittu ljóðlistinni m.a. til að tjá skelfilegar afleiðingar menningarbyltingarinnar 1966–1976. Bei Dao stofnaði árið 1978 tímaritið *Jintian* (今天, *Í dag*) sem varð einn helsti listræni vettvangur lýðræðishreyfingarinnar á þeim tíma. Eftir að hafa brotið hreyfinguna á bak aftur árið 1980 bönnuðu kínversk yfirvöld jafnt tímaritið sem ljóð þokuskáldanna, en á árunum sem fylgdu spratt upp fjöldinn allur af sambærilegum tímaritum sem tóku sér *Jintian* til fyrirmyndar. Bei Dao var staddur á bókmenntaráðstefnu í Berlín þegar kínversk stjórnvöld beittu vopnavaldi til að binda enda á stúdentamótmælin í Beijing þann 4. júní 1989 og var honum ekki leyft að snúa aftur til Kína vegna tengsla sinna við stúdentahreyfinguna. Í kjölfarið bjó hann víða í Evrópu og Bandaríkjunum og hélt áfram að sinna ljóðlistinni. Ljóð hans hafa verið þýdd á 25 tungumál og hann hefur oft verið talinn líklegur að hljóta bókmenntaverðlaun Nóbels. Árið 2006 fékk hann loks leyfi til að snúa aftur heim og frá árinu 2007 hefur hann gegnt stöðu prófessors við Kínverska háskólann í Hong Kong.